

Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeygenda í Hvammi haldinn mánudaginn 15. ágúst, kl. 17:15. Borgartúni 27, húsakynni KPMG. Mættir BS, BM, BB, AÁ, AJ, SMS. Jón Hörður Hafsteinsson landeigandi var gestur fundarins

1. **Vatnsveita.** Birgir hefur mælt vatnsrennsli. Reynist vera 10 l á 40 sek eða, 0,25 sekúndulítrar, eða 21600 lítrar á sólarhring. Meðnotkun á hús í bæ er talin vera 150-180 l á sólarhring. Ef þetta rennsli er stöðugt er um að ræða nægilegt vatn fyrir svæðið. Er greinilega mun betra eftir viðgerðir. Þó ber að geta að vatnsbúskapur í ár kann að vera betri en áður. Jón Hörður sagði frá viðgerðum á Vatnsveitu. Framkvæmdum lokið í vor. Mun meira vatnsmagn en áður. Búið að jarða svæðið með um 300 tonnum af stórgrýti og mól. Svæðið þolir mun betur skriðuföll og eru mun minni líkur á yfirborðsmengun en áður. Einnig er nýtt vatnsauga sem ekki er nýtt ennþá þannig að það er hægt að fá meira vatn en framleitt er í dag. Jón kynnti hugmyndir um gjalddöku. Jón kynnti hugmyndir varðandi stofnun félags sem rekur vatnsveitu.
2. **Svæðið fyrir neðan Hvammsbæinn.** Er afmarkað sem útvistarsvæði skv. deiliskipulagi. Vegir og sameiginleg svæði eiga að vera 25% skv. skipulagsyfirlösum. Hugmyndir komið fram um sparkvelli og sameiginlega aðstöðu fyrir sumarhúsaeygendur. Þar er reiknað með bátaskýlum. Einnig kynnti Jón hugmyndir um sameiginlega aðstöðu, kaffihús, sameiginlega stóra bryggju o.þ.h. Þar er svæði sem öllum sumarhúsaeygendum á svæðinu er heimilt að setja út sína báta. Einnig voru ræddar umgengnireglur varðandi fjöruna.
3. **Göngustígar við enda Hvammslands.** Rætt um keðjur sem loka göngustígum við eystri og vestari hluta Hvammslands. Þær keðjur voru upphaflega settar til að koma í veg fyrir akstur um stígana á meðan svæðið var opið. Komið hafa kvartanir frá íbúum sem finnst keðjurnar hamla eðlilegri umferð um svæðið. Því var ákveðið að fjarlægja keðjur við göngustíga við göngustíga við enda Hvammslands, bæði við eystri og vestari stíginn.
4. **Öryggi á Hvammsvæði.** Í ljósi nýlegs innbrotis rætt að nýju um öryggismyndavélar. Samþykkt frá aðalfundi liggur fyrir um þetta mál. Hugmynd að koma upp vélum með innrauðum linsum sem geta myndað að degi jafnt sem nóttu. Mynda alla umferð sem kemur að hliðum, óháð því

hvort bílar fara í gegnum hliðin. Ákveðið að leita tilboða í uppsetningu myndavéla. BS falið að kanna nánar og leita tilboða. Einnig voru ræddar hugmyndir um að loka útskotum á þjóðvegi sem hafa myndast vegna framkvæmda þannig að ekki sé hægt að stöðva bíla nema við hliðin. Einnig var rætt um nágrannavörslu á svæðinu til að auka öryggi. Þarf að útfæra nánar.

5. **Káraland.** Jón Hörður kynnti vinnu á skipulagi í s.k. Káralandi sem verður lagt inn til samþykkt á næstu mánuðum. Þar er nú miðað við 24 lóðir með opnu svæði í miðju og 6 lóðum á vatnsbakka.
6. **Eystra hlið.** Þarf að laga steina við eystra hlið. Þar er op sem hægt er að keyra fjórhjól í gegn.
7. **Göngustígar.** Framkvæmdir við göngustíga hefjast í ágúst.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl 19.00.

Bárður Sigurgeirsson

